BREYTING Á DEILISKIPULAGI VESTURBUGTAR AUSTAN VIÐ GRANDAGARÐ 8



GILDANDI DEIISKIPULAG FYRIR VESTURBUGT, SAMÞYKKT 28.NÓVEMBER 2013



BREYTING Á DEILISKIPULAGI FYRIR VESTURBUGT

GREINARGERÐ

Gerð er breyting á deiliskipulagi Vesturbugtar í Reykjavík sem samþykkt var 28. nóvember 2013. Breytingin er gerð vegna göngubryggju utan lóðar Grandagarðs 8 sem tengir saman núverandi bryggju við Sjóminjasafn og gönguleið við Mýrargötu.

Breytingin felur í sér að gert er ráð fyrir nýrri göngubryggju austan við lóð Grandargarðs 8 sem tengir núverandi bryggju við gönguleið / bryggju við Rastargötu. Þetta er í takt við markmið aðalskipulags og gildandi deiliskipulags um að setja umferð gangandi og hjólandi í forgang á skipulagssvæðinu, auðvelda aðgengi að hafnarbakkanum og auka gæði almenningsrýma.

Núverandi hafnargarður er friðlýstur skv. lögum um húsafriðun nr. 104 frá 2001 en í deiliskipulagi Vesturbugtar segir ; „ Timburbryggjan meðfram safninu er breytt til að steinhleðsla hafnar verði sjáanlegri og aðlagist betur Daníelsslipp.“

Ný bryggja á ekki að skerða núvarendi hafnargarð en deiliskipulagið setur eftirfarandi skilyrði:

- Grjótvörn verður gerð sýnileg með lýsingu og plexígleri í dekki.
- Efni og handrið bryggjunnar verða í samræmi við þau efni sem er í bryggju við Sjóminjasafn.
- Bryggjan skal vera opin almenningi allan sólarhringinn og ekki er heimilt að loka henni.
- Heimilt er að tengja núverandi svalir á 1. hæð Grandagarðs 8 að austanverðu við bryggju.
- Frágangur verður í samvinnu við Minjastofnun Íslands.

Fullt samráð verður haft við Minjastofnun Íslands um frágang og endanlega hönnun bryggjunnar en nú þegar hefur verið haft samráð við stofnunina sem gaf umsögn 1. september 2016. Gengið verður frá steinum sem teknir voru úr grjótgarðinum á sinn stað undir eftirliti Minjastofnunar. Núverandi timburbryggjur eru lagfærðar á uppdrætti í samræmi við núverandi útlit.

Að öðru leyti gilda skilmálar úr samþykktu deiliskipulagi Vesturbugtar.



AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030.

SAMÞYKKT DEILISKIPULAG VESTURBUGTAR MEÐ BREYTINGUM 2017.

SKÝRINGAR

- MÖRK SKIPULAGSBREYTINGA
- LÓÐAMÖRK
- BYGGINGARREITUR FYRIR NÚVERANDI TIMBURBRYGGJU
- BYGGINGARREITUR FYRIR NÝJA TIMBURBRYGGJU
- AFMÖRKUN DEILISKIPULAGS VESTURBUGTAR
- OPIÐ SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- BYGGINGARREITUR Í DEILISKIPULAGI VESTURBUGTAR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Umhv.og skipulagsráði þann 11. jan. 2017 og í Borgarráði þann 19. jan. 2017

Tillagan var auglýst frá 31. okt. 2016 með athugasemdafresti til 12. des. 2016.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt íB-deild Stjórnartíðinda þann 2. mars 2017.

Björn Axelsson

DEILISKIPULAG VESTURBUGTAR

Breyting á deiliskipulagi

Dags:04.10.2016	Mkv: 1:1000 A2	Teikn: KUS, AEK

Aðalheiður E. Kristjánsdóttir og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr: | Breyt:
Verk nr: HT1601A
Hannað:

LANDMÓTUN • Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími: 575 5300 fax: 554 5360 netf: landmotun@landmotun.is